

1284. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. október 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Andrea Rut Pálsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestur fundarins: Henný Hinz, hagfræðingur hjá Alpýðusambandi Íslands.

Næsti fundur: 12. nóvember 2025.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1281 og 1283. stjórnarfundar VR lagðar fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerðir 1281. og 1283. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og sendar í rafræna undirritun.

2. Breytingar á örorkulífeyriskerfi lífeyrissjóða

Í stjórnargátt fundarins er skjalið „2.0 Breytingar á örorkulífeyriskerfi“ til kynningar.

Halla bauð Henný Hinz, hagfræðing hjá ASÍ, velkomna til að ræða örorkulífeyriskerfið. Henný fjallaði um hin tvö kerfi örorkutrygginga, annars vegar innan almannatryggingakerfisins og hins vegar innan tryggingaverndar lífeyrissjóða. Þessi kerfi hafa þróast með ólíkum hætti síðustu ár á tímum mikilla breytinga. Síðustu tvo áratugi hefur aukin áhersla verið lögð á snemmtæka íhlutun og stuðning til starfsendurhæfingar en þangað má rekja stofnun Virk starfsendurhæfingarsjóðs sem settur var á laggirnar í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2008. Þá hafði staðið yfir vinna við endurskoðun örorkutrygginga almannatrygginga með þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Sú endurskoðun skilaði hins vegar engum markverðum breytingum.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir kemur á fund kl. 17:45.



Síðustu ár hafa aðilar vinnumarkaðar ekki verið þátttakendur í samtali um endurskoðun örorkulífeyriskerfisins þrátt fyrir forræði sitt yfir lífeyriskerfinu. Á síðasta ári var endurskoðun örorkutrygginga í almannatryggingakerfinu afgreidd og lögum um almannatryggingar breytt. Ný lög tóku gildi 1. september sl.

Henný benti á að margt jákvætt væri að finna í nýju örorkulífeyriskerfi almannatrygginga en að lítil aðkoma og samræming við vinnumarkaðinn síðustu ár valdi árekstrum og misræmi varðandi samspil kerfa sem snúa m.a. að starfsgetumati, víxlverkun tekjutenginga milli kerfa og ójafnri örorkubyrði lífeyrissjóða. Víxlverkun er þegar greiðslur úr öðru hvoru kerfinu skerða greiðslur úr hinu sem hefur einkum áhrif á tekjulægri örorkulífeyrisþega. Í ár var fellt úr gildi bráðabirgðaákvæði í lögum sem stöðvaði þessa víxlverkun en ekkert tekið upp í staðinn sem skapar mikla óvissu.

Hvað varðar ójafna örorkubyrði lífeyrissjóða er umtalsverður munur á henni milli sjóða sem fer að auki vaxandi. Samið var um fast framlag frá ríkinu til jöfnunar á örorkubyrðinni 2005 en í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að framlagið verði fellt niður að fullu árið 2026.

Umræður

3. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum lágu skjölin „3.0 Niðurstöður vinnuhóps ASÍ um leikskólamál“ til kynningar; „3.1 Umsögn VR vegna fjárlaga 2026“ til kynningar; „3.2 Tillögur til formannafundar ASÍ“ til kynningar; og „3.3 Drög að ályktun um leikskólamál“ til afgreiðslu.

Halla fjallaði um forsendur kjarasamninga en forsendunefnd hefur hist og farið yfir þær. Niðurstaðan er sú að forsendur hafi haldið. Forsenda um þróun verðbólgu stenst en loforð stjórnvalda um breytingar á lögum um Menntasjóð var ekki efnt. Samkomulag er um að fresta þeirri skoðun um ár, frumvarp liggur fyrir hvað þetta varðar sem og vilji stjórnvalda til að gera þær breytingar sem þarf.

Seðlabankinn tilkynnti í morgun [8. október 2025] að stýrivextir yrðu óbreyttir. Halla sagði ekkert benda til þess að vextir séu á leið niður, bankann leiti skýringa sem ekki eigi við rök að styðjast, eins og áhrif launaþróunar og aukinnar einkaneyslu í kjölfar þess að lántakendur hafi í auknum mæli færst sig yfir í verðtryggð lán. Hún benti á nýlega grein Benedikts Gíslasonar, bankastjóra Arion banka, þar sem færð eru rök fyrir því að afnema verðtrygginguna. Hér sé um ákveðnar viðhorfsbreytingar að ræða hjá fjármálakerfinu.

VR hefur stutt afnám verðtryggingar, en Halla bendir á að slíkt taki mikinn undirbúning og verði að vera á forsendum launafólks. VR geti tekið frumkvæði í því hvernig eigi að afnema verðtryggingu og hvaða leiðir henta launafólki best.

Halla fjallaði því næst um gjaldþrot Play en hátt í 70 VR félagar störfuðu hjá flugfélaginu. Play hafi greitt laun fyrir september áður en til gjaldþrots kom en sérfræðingar kjaramálasviðs VR annast kröfur félagsfólks í þrotabúið hvað varðar önnur laun og réttindi. VR fundaði með félagsfólki sínu hjá Play sem var vel sóttur. VR mun einnig fylgjast grannt með áhrifum gjaldþrotsins á önnur fyrirtæki þar sem starfa félagar í VR.

Halla sagði frá því að VR hafi sent inn umsögn um fjárlagafrumvarpið sem byggi á ályktun stjórnar frá því í september ([sjá hér](#)). Umræður urðu um tillögur stjórnvalda um breytingar á réttindum launafólks s.s. breytingum á atvinnuleysisstryggingum. Þá var rætt um þau áform stjórnvalda að afnema áminningarskyldu starfsfólks hins opinbera sem mikið hafa verið í umræðunni.

Þá fjallaði Halla um stöðu leikskóla í kjölfar tillagna borgaryfirvalda um breytingar á gjaldskrá leikskóla í anda Kópavogsmóðelsins svokallaða. Henni hafi brugðið og alls ekki átt von á því að borgin færi þessa leið. Málið sé í samráðsferli en verkalýðshreyfingin þurfi að spyrna við fótum því svona breytingar séu óafturkræfar. Verði þessar tillögur samþykktar sé verið að velta áskorunum leikskólastigsins á herðar foreldra ungar barna sem sé óásættanlegt. Rædd voru drög að ályktun frá stjórn vegna þessar mál. Halla greindi einnig frá áformum um að boða félagsfólk sem á börn á leikskólaaldri til fundar til að ræða málin.

Drögin voru samþykkt og er ályktunin svohljóðandi (verður birt á veg VR):

Stjórn VR gagnrýnir tillögur um breytingar á leikskólum höfuðborgarinnar

Stjórn VR geldur varhug við tillögum Reykjavíkurborgar um breytingar á leikskólagjöldum sem er ætlað að stuðla að styttri vistunartíma barna. Með þessum tillögum fetar Reykjavíkurborg í fótspor Kópavogsbæjar og fleiri sveitarfélaga sem hafa lagt auknar byrðar á herðar fullvinnandi foreldra ungra barna.

Stjórn VR áréttar að leikskólamál eru kjaramál og aðgengi að leikskólum er grundvöllur þess að foreldrar geti sinnt launavinnu. Með verðstýringum og félagslegum þrýstingi er verið að þröngva foreldrum til að stytta vistunartíma barna sinna í þeim tilgangi að leysa fjármögnunarvanda sveitarfélaganna. Í stað þess að bæta starfsaðstæður á leikskólum, og nýta til þess reynslu þeirra leikskóla sem nú þegar eru framúrskarandi, er áskorunum leikskólastigsins

velt



yfir á foreldra.

Stjórn VR harmar þá neikvæðu umræðu um foreldra sem hefur sprottið upp í tengslum við breytingar á leikskólagjöldum og vistunartíma barna. Foreldrar ungra barna búa við gríðarlegan húsnæðiskostnað og hafa fæstir val um annað en að stunda fulla vinnu. Þeir þurfa stuðning og skilning frá samfélaginu, ekki fordæmingar.

Stjórn VR ítrekar að á almennum markaði, þar sem þorri launafólks vinnur, er vinnutími lengri en hjá hinu opinbera og ekki er hægt að vísa til vinnutímastyttingar hjá ríki og sveitarfélögum til að skerða þjónustu við allt barnafólk. Núgildandi kjarasamningar gilda í þrjú ár til viðbótar og því verður að óbreyttu ekki frekari almenn stytting vinnutíma næstu árin.

Stjórn VR áréttar þá kröfu sína að sveitarfélög leiti annarra leiða til að koma til móts við breytingar í umhverfi leikskóla en að varpa byrðunum á fullvinnandi foreldra og taka um leið skref aftur á bak í jafnréttismálum.

Reykjavík, 8. október 2025
Stjórn VR

Þá fjallaði Halla um fyrirhugaðan formannafund ASÍ þar sem rætt verður um félagsaðild en VR hefur þegar lagt fram tillögur til sambandsins hvað það varðar. Þær má sjá í máli fundarins í skjalavistunarkerfinu.

Umræður

Í umræðum kom fram ósk um greinargerð um afnám verðtryggingar og hvaða afleiðingar slíkt myndi hafa fyrir launafólk.

Halla óskaði eftir því að lengja fundinn um ½ klst. Engar mótbárur.

Halla óskaði jafnframt eftir að gera dagskrárbreytingu, að færa lið nr. 4, Breytingar á jafnréttisstefnu VR, aftar í dagskrána. Aðrir dagskrárliðir færast til sem því nemur. Samþykkt.

4. Könnun um stöðu aðfluttra á leigumarkaði

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Könnun á stöðu aðfluttra á leigumarkaði“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir helstu niðurstöður könnunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um húsnæðisaðstæður aðfluttra. Stefán sagði frá því að félagsfólk í VR hafi tekið þátt í þessari könnun auk félagsfólks í Eflingu og Einingar-löju. Stefán sagði niðurstöðurnar sýna að stofnunin hafi vanmetið verulega stærð leigumarkaðarins á Íslandi. Um 28% einstaklinga búa á leigumarkaði en ekki 13% eins og áður var haldið.

Mikill meirihluti eða 74% aðfluttra býr í leiguhúsnæði og leigja flestir af einaaðilum. Erlendir ríkisborgarar vilja komast í eigið húsnæði, en meira en helmingur telur sig þó munu áfram leigja.

Umræður

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:30.

5. Lagabreytingar, viðhorf stjórnar VR til kynjafléttu við stjórnarkjör í VR

Fyrir fundinum lá skjalið „6.0 Kynjaflétta í lögum VR“ til kynningar og afgreiðslu.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður laganefndar VR, kynnti úttekt á áhrifum kynjafléttu á niðurstöður stjórnarkosninga frá árinu 2016. Ef ekki hefði verið stuðst við kynjafléttu hefðu konur hlotið meirihluta sæta í kosningum til stjórnar öll árin, fæstar 8 af 15 en flestar 11 af 15. Laganefnd hefur rætt hugmyndir um að fallið verði frá kynjafléttu í kosningum til stjórnar og vildi fá umræðu um þær hugmyndir í stjórn.

Umræður

Að umræðum loknum var ljóst að meirihluti stjórnar telur mikilvægt að halda í kynjafléttu en að skoðað verði hvort eigi að láta hana eingöngu ná til aðalmanna, ekki vararmanna. Þessu var vísað til laganefndar.

Þá kom fram í umræðum áhersla á að skilgreint verði fyrirkomulag röðunar í sæti miðað við fleiri en tvö kyn.

Þá var samþykkt að vísa til jafnréttis- og mannréttindanefndar að skoða hvernig auka megi fjölbreytni í stjórn og frambjóðendum til stjórnar.

6. Fjárfestingastefna VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „7.0 Fjárfestingastefna eignastýringastefna VR“ og 7.1 Staða og ávöxtun verðbréfa VR 2025“ til kynningar.

Stefán fór yfir fjárfestingastefnu félagsins. Stefán sagði stefnuna einkennast af varfærni og er meiginhluti fjárfestinga eignastýringarsafns VR í verðbréfum sem hlotið hafa opinbera skráningu á skipulegum markaði. Haga skuli ráðstöfun eigna í verðbréfum þannig að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast.

Stefán sagði 88% eigna í skuldabréfum eða innlánnum, einkum ríkistryggðum skuldabréfum. Nafnávöxtum 2017 – 2024 hafi verið 6,4% að meðaltali en raunávöxtun 1,8%. Í nóvember 2021 var stefnunni breytt þannig að dregið var úr vægi hlutabréfa og erlendra eigna.

Stefán sagði að uppfæra þurfi stefnuna í ljósi láns félagsins til VR Blævar íbúðafélags.

Umræður

Í umræðum var ákveðið að skoða samanburð ávöxtunar VR og lifeyrissjóða.

Halla leggur til að lengja fund um ½ klst., samþykkt.

7. Breytingar á jafnréttisstefnu VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „4.0 Breytingar á jafnréttisstefnu 2025 – minnisblað“ og „4.a Tillaga að jafnréttis- og mannréttindastefnu“ til kynningar og afgreiðslu.

Jennifer Schröder, formaður jafnréttis- og mannréttindanefndar VR, fór stuttlega yfir þær áherslubreytingar sem nefndin leggur til við stefnu félagsins í málaflokknum þar sem aukin áhersla er lögð á mannréttindahluta stefnunnar og hún útvíkkuð til að ná til fleiri hópa

Eftir umræður var samþykkt að tillögurnar liggi milli funda og komi til afgreiðslu á nóvemberfundi stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi lokið kl. 21:30.